

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Vesturbyggð.

*Ofanflóðavarnir á Bildudal, deiliskipulag.*

Heimastjórn Arnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 12. mars 2025 tillögu að deiliskipulagi ofanflóðavarna á Bildudal.

Deiliskipulagssvæðið er um 12,9 ha að stærð og nær yfir fyrirhugað snjóflóðavarnasvæði ofan byggðar á Bildudal. Reistur verður 8-14 m hár og 1.000 m langur þvergarður ofan byggðarinnar en neðan Stekkjar-, Klofa-, Merki- og Innstagsils. Jafnframt verða reistar þrjár 4,5 m háar keilur neðan Stekkjargils. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 4. mars 2025.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Patreksfirði, 25. mars 2025.*

**Óskar Örn Gunnarsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 8. apríl 2025